

**Inngangssávarp Jóns Kristjánssonar
heilbrigðismálaráðherra
Norðurlandaráðsþing í Stokkhólmi
2. nóvember 2004**

Þingforseti, ágætu þingmenn.

Þegar norrænu heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir hittust í Kaupmannahöfn upp úr miðjum október héldu þeir merkilegan fund. Hann var að mínum dómi merkilegur í þrennu tilliti.

Í fyrsta lagi settu ráðherrarnir á dagskrá mál sem bæði brýnt er í bráð og lengd að hafa á dagskrá en það er vaxandi áfengisneysla í löndunum

Í öðru lagi komu ráðherrarnir sér saman um yfirlýsingu sem allir voru sammála um

Í þriðja lagi lít ég þannig á að þarna hafi norrænt samstarf sannað gildi sitt þannig að eftir var tekið

Vandamálin sem Norðurlandþjóðirnar standa frammi fyrir er vaxandi áfengisneysla í flestum landanna. Bara á Íslandi hefur áfengisneyslan aukist á tíu ára tímabili um rúmlega 40 af hundraði.

Mér sýnist markaðssetning þeirra sem selja áfengi vera grimmari eða ágengari en áður var og hin aukna neysla hvílir á því sem sölumenn halda fram, að áfengi sé eðlilegur hluti hins daglega lífs. Þar hafa markaðsmennirnir unnið á en heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld látið undan síga. Það hefur tekist að “normalisera” áfengisneysluna.

Afleiðingin af þessu er svo krafan um að áfengi sé selt á sama vettvangi og matvara. Afleiðingin er líka krafan um að áfengiskaupaaldurinn sé færður niður eða lækkaður.

Þetta er meðal þess sem við á Norðurlöndunum stöndum sameiginlega frammi fyrir nú.

Ströng áfengismálastefna hefur skilað árangri á Norðurlöndunum og við eigum ekki að vera feimin, t.d. gagnvart öðrum þjóðum og þjóðabandalögum að halda þeirri staðreynd fram.

Heilsufarslegar og félagslegar afleiðingar áfengisneyslu hafa hingað til mælst minni en annars staðar í Evrópu, sem verður rakið beint til þess að áfengisneyslan á Norðurlöndunum er almennt talað minni en í nálægum ríkjum.

Áfengismál og áfengisneysla snýst ekki bara um verslun og viðskipti, eða frelsi einstaklinganna til að geta keypt áfengi hvar sem er hvenær sem er. Áfengisstefnan og afleiðingar mikillar áfengisneyslu snýst líka um heilbrigðismál.

Það er staðreynd að stóraukin áfengisneysla í dag mun á endanum koma fram sem heilsufarsvandi einstaklinganna í framtíðinni, sem aftur mun leiða til aukinna útgjalda til málaflokksins og hugsanlega aukinnar skattheimtu til að standa undir heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar.

Það eru þessi heilsufarsþjónarmið sem okkur ber að halda fram og krefjast að metin séu jafngild viðskiptasjónarmiðum þeim sem hafa orðið ofan á í umræðum um áfengismálin síðustu árin, bæði á vettvangi alþjóðasamfélagsins – í samningaumleitunum um heimsviðskipti - og eins á opinberum vettvangi í löndunum sjálfum. Það var meðal annars þetta sem heilbrigðismálaráðherrar Norðurlandanna lögðu áherslu á í Kaupmannahöfn í síðasta mánuði.

Áfengi er ekki eins og hver önnur verslunarvara og þess vegna verður að taka ríkara tilliti til heilsufarssjónarmiða og hugsanlegra afleiðinga skaðlegrar neyslu en hingað til hefur verið. Þetta er sá sameiginlegi grundvöllur sem mér finnst að Norðurlöndin eigi að standa á gagnvart umheiminum.

(Talað orð gildir)